

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 2009 í máli nr. E-6174/2008:

Hið íslenska gáfumannafélag ehf.

(Þorsteinn Einarsson hrl.)

gegn

Péttri Ingasyni

og

Gunnari Björnssyni

(Klemenz Eggertsson hdl.)

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda 15. janúar sl., er höfðað með stefnu sem birt var stefndu 22. og 24. júlí 2008.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 105.296.674 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. júlí 2006 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu, einnig in solidum, að mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Er sá þáttur hér til úrlausnar.

II.

Málsatvik eru í meginráttum eftirfarandi:

Með kaupsamningi 26. maí 2006 keypti óstofnað einkahlutafélag, nú stefnandi, af stefndu 99% hlutafjár í Íshlutum ehf. og Vélaflí ehf. Eftir kaupin voru stefndu hvor um sig eigandi að 0,5% hlutafjár í félögunum, en afsöluðu þeim hlutum til stefnanda í júlí 2006. Umsamið kaupverð var 334.000.000 króna fyrir hluti í Íshlutum ehf., en 16.000.000 króna fyrir hluti í Vélaflí ehf. Samkvæmt kaupsamningnum skuldbatt stefnandi sig til að greiða kaupverðið innan 10 daga frá því að niðurstöður áreiðanleikakönnunar lögju fyrir, gegn afsali stefndu á hinu selda hlutafé.

Í 2. kafla kaupsamningsins, er fjallar um ábyrgð seljenda, segir m.a. að seljendur ábyrgist persónulega að rekstri og eignastöðu félaganna sé réttilega lýst í samræmi við góða reikningsskilavenju í ársreikningum félaganna fyrir árið 2005. Í því felist m.a. að engar óvenjulegar eða óeðlilegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga upp betri mynd í umræddum skjölum en eðlilegt geti talist, að félögin búi yfir viðskiptasamböndum og eigi eignir líkt og fram komi til að tekjum félaganna verði við haldið og að félögin hafi ekki gert neina óvenjulega samninga, t.d. við stjórnendur eða starfsmenn, sem gætu reynst félögunum kostnaðarsamir. Jafnframt er þar tekið fram að seljendur ábyrgist að engin skakkaföll eða óvenjulegar, óeðlilegar eða meiriháttar ráðstafanir í rekstri hafi átt sér stað frá 31. desember 2005.

Í kaupsamningnum eru enn fremur ákvæði um áreiðanleikakönnun og fyrirvara kaupanda. Kemur þar fram að áreiðanleikakönnun hafi ekki farið fram við undirritun kaupsamningsins, en hún muni fara fram í kjölfar kaupanna. Skuldbinda seljendur sig til að tryggja fulltrúum kaupanda aðgang að nauðsynlegum gögnum, en kaupandi skuldbindur sig að ljúka framkvæmd könnunarinnar eigi síðar en þremur vikum eftir að öll tilskilin gögn liggja fyrir. Fyrirvari er um að áreiðanleikakönnun leiði ekkert í ljós, sem talist geti til verulegra frávik frá forsendum kaupanda fyrir kaupum og að ekki sé fyrir að fara öðrum skuldbindingum hjá félögunum en þeim sem fram koma í reikningslegum gögnum sem lögð eru til grundvallar. Jafnframt segir þar svo: „*Kaupverð byggir á ársreikningi fyrir árið 2005. Tilboðshafar ábyrgjast að fram að þeim tíma er afhending hlutafjár samkvæmt þessum samningi á sér stað hafi ekki orðið óeðlilegar breytingar á efnahag (þ.m.t. útgreiðsla arðs) eða rekstri félagsins umfram óverulegar breytingar sem geta talist eðlilegur þáttur í daglegum rekstri félagsins, eða óvenjulega [sic] ákvarðanir teknar er varða hagsmuni félagsins og/eða sem leitt hafa til rýrnunar verðmæta þess, umfram það sem telja verður hluta af venjubundinni starfsemi.*“

Loks segir þar, að leiði áreiðanleikakönnun í ljós veruleg frávik frá því sem vitnað sé til í samningnum, geti kaupandi krafist afsláttar eða lýst samninginn niður fallinn. Tekið er fram að með verulegum frávikum sé átt við a.m.k. 10% frávik varðandi fjárhagslega og mælanlega þætti.

Í stefnu er frá því greint að stefnandi hafi falið KPMG endurskoðun að framkvæma ofangreinda áreiðanleikakönnun og hafi drögum að skýrslu verið skilað 24. júlí 2006. Í kjölfarið hafi KPMG ráðlagt stefnanda að ganga frá endanlegum samningi um kaup á hlutum í félögunum. Afsal var undirritað 26. júlí 2006 og greiddi stefnandi þá umsamið kaupverð og fékk sama dag hina seldu hluti afhenta. Jafnframt segir þar að stefnandi höfði mál þetta til greiðslu skaðabóta og/eða afsláttar vegna verulegra vanefnda stefndu á kaupsamningi um hluti í Íshlutum ehf., en geri hins vegar ekki athugasemdir við efndir stefndu á samningi um kaup á hlutum í Vélaflí ehf. Annars vegar telur stefnandi, að þrátt fyrir ofangreindan fyrirvara hafi stefndu beitt hann blekkingum, er þeir greiddu sér arð úr

Íshlutum ehf., að fjárhæð 72.000.000 króna, skömmu áður en þeir afhentu stefnanda hina seldu hluti á árinu 2006. Hins vegar hafi komið í ljós að ýmsar þýðingarmiklar upplýsingar í ársreikningi félagsins fyrir árið 2005 hafi reynst

rangar, og nefnir stefnandi sérstaklega að framlegð hafi verið oftalin, birgðir oftaldar, skuldir vantaldar og að félagið hafi ekki verið rétthafi að bókhaldskerfi þess. Samanlagt mynda kröfur stefnanda stefnufjárhæðina í máli þessu, 105.296.674 krónur.

III.

Frávísunarkrafa stefndu er á því reist að málatilbúnaður stefnanda sé í andstöðu við 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. og 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Stefnandi hafi ekki lagt fram áreiðanleikakönnun KPMG endurskoðunar, sem stefndu staðhæfa að hafi þó verið grundvöllur og meginforsenda stefnanda fyrir viðskiptum hans. Stefndu hafi sjálfir ekki fengið áreiðanleikakönnunina í hendur, hvorki við gerð afsals eða síðar, þótt eftir því hafi verið leitað, og geti þeir af þeim sökum ekki með góðu móti teft fram vörnum sínum við kröfum stefnanda. Hins vegar hafi stefndu sjálfir lagt fram í málinu árshlutauppgjör Íshluta ehf., dagsett 12. júní 2006, þar sem miðað sé við stöðu félagsins 31. maí 2006. Megi þar glögglega sjá að greiddur hafi verið arður til hluthafa, 72.000.000 króna, og hljóti stefnandi því að hafa vitað af arðgreiðslunum þegar viðskiptin fóru fram.

Krafa stefndu byggist einnig á því að stefnandi hafi ekki lagt fram bókhald félagsins vegna ársins 2005 og fyrri helming ársins 2006, né heldur hreyfingalista, og sé stefndu því ógerlegt að staðreyna hvort staðhæfingar stefnanda um einstakar færslur í bókhaldi eigi við rök að styðjast. Telja stefndu að málatilbúnaði stefnanda sé af þessum sökum svo áfátt að efnisdómur verði ekki lagður á málið.

IV.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og að stefndu greiði sér málskostnað in solidum. Byggir stefnandi á því að frávísunarkrafan sé bæði vanreifuð og órökstudd og að engin skylda hvíli á honum að leggja fram þau gögn sem stefndu telji sig nú skorta, hvorki umrædda áreiðanleikakönnun né bókhald fyrirtækisins. Hafnar stefnandi því að honum hafi verið kunnugt um arðgreiðslur stefndu. Þvert á móti bendir hann á að í kaupsamningi aðila frá 26. maí 2006 sé berum orðum tekið fram að kaupverð byggist á ársreikningi 2005 og að stefndu ábyrgist að arður verði ekki greiddur fram til þess tíma er afhending hlutafjár fari fram. Þótt stefnandi hafi áskilið sér að áreiðanleikakönnun færi fram, breyti það engu um efni kaupsamningsins og þeirra skjala sem hann byggir á og þar sé vísað til. Um leið vísar stefnandi á bug þeirri staðhæfingu stefndu að framlögð gögn teljist ekki nægileg til þess að fjallað verði efnislega um málið. Bendir hann á að greinargerð stefndu beri þess ekki vitni að stefndu hafi átt í nokkrum erfiðleikum með varnir. Þá geri lög um meðferð einkamála ráð fyrir því að heimilt sé að afla gagna undir rekstri málsins, sé tilefni til slíks. Að öðru leyti telur stefnandi kröfur sínar ítarlega reifaðar og rökstuddar.

V.

Eins og fram er komið höfðar stefnandi mál þetta á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta og/eða afsláttar af kaupverði, vegna kaupa sinna á 99% hlutum í Íshlutum ehf. og Vélaflí ehf. Byggir stefnandi á því að stefndu hafi verulega vanefnt kaupsamning um hið selda frá 26. maí 2006, og felist vanefndirnar annars vegar í því að stefndu hafi greitt sér arð skömmu fyrir afhendingu hins selda, alls 72.000.000 króna, en hins vegar í því að upplýsingar í ársreikningi Íshluta ehf. fyrir árið 2005 hafi reynst rangar í veigamiklum atriðum.

Í kaupsamningi aðila frá 26. maí 2006 kemur skýrlega fram að ársreikningar félaganna fyrir árið 2005 hafi legið til grundvallar við ákvörðun um kaupverð hins selda. Jafnframt ábyrgðust stefndu þá persónulega að rekstri og eignastöðu félaganna væri réttilega lýst í ársreikningum og að engar óeðlilegar breytingar á efnahag eða rekstri félaganna, þ.m.t. útgreiðsla arðs, hefðu átt sér stað fram að þeim tíma er afhending hlutafjárins færi fram. Í samningnum var einnig áskilnaður um að fram færi áreiðanleikakönnun og gat stefnandi á grundvelli kaupsamningsins krafist afsláttar eða lýst samninginn niður fallinn, leiddi sú könnun í ljós veruleg frávik frá því sem vísað var til í kaupsamningi aðila. Jafnframt sagði þar að kaupverð yrði innt af hendi innan 10 daga frá því að niðurstöður áreiðanleikakönnunar lægju fyrir. Ekki er um það deilt að umrædd áreiðanleikakönnun var gerð af KPMG endurskoðun og henni skilað í drögum að skýrslu til stefnanda 24. júlí 2006. Þá er ekki um það deilt að stefndu fengu ekki skýrslu endurskoðunarfirmans í hendur.

Í stefnu er frá því greint að KPMG endurskoðun hafi í kjölfar skýrslu sinnar ráðlagt stefnanda að ganga frá endanlegum samningi um kaup hins selda, og var afsal gert 26. júlí 2006. Þótt ekkert verði fullyrt um efni skýrslunnar verður engu að síður að telja ljóst að niðurstöður hennar og ráðleggingar skýrsluhöfundar hljóta að hafa ráðið úrslitum um ákvörðun stefnanda um endanleg kaup hins selda og greiðslu umsamins kaupverðs. Er þá sérstaklega til þess horft að stefnandi hafði ótvíræða heimild til afsláttar eða riftunar samningsins, leiddi áreiðanleikakönnun í ljós veruleg frávik frá kaupsamningi aðila.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. sömu laga skal stefnandi við þingfestingu leggja fram stefnu og þau skjöl sem varða málatilbúnað hans eða hann byggir annars kröfur sínar á. Við þingfestingu þessa máls var hvorki umrædd áreiðanleikakönnun lögð fram, né árshlutauppgjör Íshluta ehf. frá 12. júní 2006, þar sem miðað var við stöðu félagsins 31. maí 2006. Af stefnu verður heldur ekki ráðið að stefnandi hafi áform um að leggja þau gögn fram á síðari stigum. Hins vegar liggur fyrir í árshlutauppgjörinu, sem stefndu lögðu fram, að arður hafði verið greiddur til hluthafa, að fjárhæð 72.000.000 króna.

Í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að finna fyrirmæli um efni stefnu. Megininntak þess ákvæðis er að málatilbúnaður skuli vera svo skýr og glöggur að ekki fari milli mála hvert sakarefnið sé. Er tilgangurinn sá að stefndi geti með góðu móti áttað sig á þeim kröfum sem fram eru settar í stefnu og atvikum að baki þeim, og tekið til varna ef svo ber undir. Í ljósi ofanritaðs er það álit dómsins að umrædd áreiðanleikakönnun kunni að varpa ljósi á kröfugerð og málsástæður stefnanda, og ráða um leið vörnum stefndu. Þar sem hennar nýtur ekki við, verður að fallast á það með stefndu að þeim sé erfitt um vik að verjast kröfum

stefnanda. Með vísan til e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, ber því að fallast á kröfu stefndu um að vísa máli þessu frá dómi.

Í þinghaldi í máli þessu, 21. nóvember 2008, óskuðu lögmenn sameiginlega eftir fresti til gagnaöflunar og var málinu frestað til 15. desember sl. Í því þinghaldi lagði lögmaður stefnanda m.a. fram oftnefnda áreiðanleikakönnun frá KPMG, dagsetta í júlí 2006. Lögmaður stefndu mótmælti framlagningu skjalanna og benti á að í málinu væri krafa um frávísun þess.

Af ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, svo og 2. mgr. 100. gr. sömu laga, verður sú ályktun dregin að hafi stefndi uppi kröfu um frávísun málsins í greinargerð, skuli málið flutt um þá kröfu eins og málið liggur þá fyrir. Er stefnanda því á þessu stigi málsins óheimilt að skýra eða lagfæra málatilbúnað sinn, eftir atvikum með framlagningu frekari gagna, í því skyni að verjast frávísunarkröfu stefnda, sbr. og 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991. Stefndu hafa þegar skilað greinargerð í málinu og byggja varnir þeirra á þeim gögnum sem lögð voru fram við þingfestingu málsins. Gegn mótmælum stefndu er því ekki unnt að líta til þeirra gagna stefnanda, sem fram komu í þinghaldi 15. desember sl.

Eftir úrslitum málsins, sbr. og 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefndu sameiginlega málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 140.000 krónur.

Úrskurðinn kvað upp Ingimundur Einarsson héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hið íslenska gáfumannafélag ehf., greiði stefndu, Pétri Ingasyni og Gunnari Björnssyni, sameiginlega 140.000 krónur í málskostnað.

Ingimundur Einarsson

